

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn fimmtudaginn 16.apríl 2026 á Grand hóteli, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundurinn hófst klukkan 17:00

Þóra Eggertsdóttir stjórnarformaður Birtu setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þóra gerði að tillögu sinni að Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, stjórnari fundinum og var sú tillaga samþykkt. Ragnar gerði að tillögu sinni að Sigurbjörn Einarsson lánastjóri Birtu yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fer yfir að fundinum er streymt á heimasíðu Birtu og bíður þá velkomna sem fylgjast með þar og minnir á að upptaka af fundinum verður aðgengileg þar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr.6.1 í samþykktum Birtu. Í gr. 6.1 í samþykktum segir

Stjórn skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísu með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

Samkvæmt þeim gögnum sem fundarstjóri hefur undir höndum þá er ljóst að til ársfundarins hefur verið boðað með lögumætum hætti skv. 6. kafla samþykktanna.

Fundarstjóra hefur borist staðfesting á því að 65 fulltrúar eru mættir á fundinn.

Dagskrá fundarins er skv. 6.5 í samþykktum Birtu sem hér segir

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgangur ársreiknings
3. Tryggingafræðileg staða
4. Fjárfestingarstefna
5. Hluthafastefna/Eigendastefna
6. Starfskjarastefna
7. Laun stjórnarmanna og nefnda
8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
9. Kjör endurskoðanda
10. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna
11. Skipan endurskoðunarnefndar
12. Önnur mál

Fundarstjóri leggur til að liðir 1, 2 og 3 verði teknir fyrir hver á eftir öðrum og orðið gefið laust eftir framsögu um alla dagskrárliðina þar sem skýrsla stjórnar og tryggingafræðileg athugun er hluti af ársreikningi sjóðsins. Engar athugasemdir komu fram um þessa tillögu og gefur fundarstjóri Þóru Eggertsdóttir stjórnarformanni Birtu orðið.

1. Liður – Skýrsla stjórnar

Þóra fór yfir skýrslu stjórnar um rekstrarárið 2025. Fram kom að rekstrarumhverfi sjóðsins var krefjandi á árinu, óvissa á fjármálamörkuðum hafi aukist og eignaverð hafi sveiflast mikið vegna aukinnar óvissu á alþjóðamörkuðum, tolladeilna og áframhaldandi stríðsátaka í Evrópu og í Miðausturlöndum. Hún lagði áherslu á að starfsemi lífeyrissjóðs væri í eðli sínu langtímaverkefni þar sem stöðugleiki, þolinmæði og langtímasýn skiptu höfuðmáli.

Hún greindi frá því að eitt erfiðasta tímabil í eignastýringu sjóðsins hefði komið upp á árinu þegar markaðsaðstæður versnuðu verulega. Stjórn hefði komið sérstaklega saman til að fara yfir stöðuna en ákveðið að halda óbreyttri stefnu og fylgja langtímamarkmiðum sjóðsins. Rekstrarniðurstaða ársins var

sú að sjóðurinn skilaði 2,1% raunávöxtun og væri tíu ára meðalraunávöxtun sjóðsins 3,4%, sem væri nálægt langtímamarkmiðum sjóðsins.

Þóra gerði grein fyrir starfsháttum stjórnar og lagði áherslu á fagmennsku starfsfólks og stjórnenda. Hún sagði að stjórn fengi reglulega ítarlegar upplýsingar um rekstur, fjárfestingar og áhættustýringu og að vinnubrögð sjóðsins hefðu ítrekað fengið jákvæða umsögn bæði innri og ytri eftirlitsaðila.

Í skýrslu stjórnar kom fram að Birta hefði haldið áfram að reka sjóðinn með hagkvæmum hætti. Rekstrarkostnaður væri lágur í samanburði við aðra lífeyrissjóði og áhersla væri lögð á að nýta tæknilausnir til að bæta þjónustu og auka framléiðni. Starfsfólki hefði tekist að auka þjónustu við sjóðfélaga án þess að fjölga stöðugildum og hefði fjöldi stöðugilda verið óbreyttur í um áratug þrátt fyrir aukin verkefni og vöxt sjóðsins.

Þóra fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem hefði versnað á undanförunum árum. Þegar Birta var stofnuð árið 2016 hefði halli á tryggingafræðilegri stöðu numið um 4%, en í lok árs 2025 væri hann orðinn um 6%. Hún rakti þessa þróun einkum til breytinga á lífslíkum sem hefðu aukið skuldbindingar sjóðsins. Hún benti á að Birta hefði ekki gripið til skerðingar á áunnum réttindum líkt og sumir aðrir sjóðir hefðu gert.

Þóra fjallaði jafnframt um þróun á lífeyrissjóðamarkaði og aukna umræðu um sameiningar lífeyrissjóða. Stjórn Birtu hefði á árinu varið sérstökum tíma í stefnumótunavinnu vegna þessarar þróunar. Hún fór yfir að forathugun á mögulegri sameiningu Birtu og Lífeyrissjóðs verslunarmanna hefði hafist í byrjun árs. Um væri að ræða greiningu á opinberum gögnum beggja sjóða og væri sú vinna enn í gangi.

Formaður sagði að um mögulega stærstu sameiningu í sögu íslenska lífeyrissjóðakerfisins gæti verið að ræða og því yrði farið af mikilli varfærni í allar ákvarðanir. Að lokinni greiningu yrði niðurstöður kynntar fyrir baklandi sjóðsins áður en tekin yrði afstaða til frekari viðræðna.

Að lokum þakkaði Þóra stjórnarmönnum, starfsfólki og sjóðfélögum fyrir samstarf og stuðning á árinu.

2. Liður – Kynning og afgangur ársreiknings

Fundarstjóri þakkar Þóru fyrir og bíður Ólaf Sigurðsson framkvæmdastjóra í pontu að kynna ársreikning sjóðsins.

Ársreikningur sjóðsins er endurskoðaður og áritaður af ytri endurskoðendum og jafnframt fer reikningurinn og starfsemi sjóðsins í gegnum innra eftirlit, innri endurskoðun og endurskoðunarnefnd sjóðsins fer yfir reikninginn.

Ólafur fór yfir að iðgjöld á árinu voru rúmlega 25 milljarðar króna og heildareignir sjóðsins eru orðnar um 730 milljarðar í árslok 2025. Raunávöxtun sjóðsins var 2,1% á síðasta ári og í fyrsta sinn í sögu Birtu greiddum við út hærri fjárhæð í lífeyri en við tókum á móti í iðgjöld. Það voru um 20.700 sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á síðasta ári. Þetta er eðlileg þróun hjá þroskuðum lífeyrissjóði sem er komin á það stig að stór hluti sjóðfélaga væri farinn að fá greiddan lífeyri frá sjóðnum.

Ólafur fór yfir að sjóðurinn hefði tekið í notkun nýtt samskiptakerfi, CRM kerfi, sem gerði mögulegt að mæla samskipti við sjóðfélaga með nákvæmari hætti. Á árinu hefðu verið skráð um 37 þúsund samskipti og verkefni og stór hluti þeirra farið fram með rafrænum hætti. Um tvö þúsund heimsóknir hefðu verið á skrifstofu sjóðsins og tengdust flestar þeirra sjóðfélagalánunum. Hann lagði áherslu á að þrátt fyrir aukna stafræna þjónustu væri áfram mikilvægt að bjóða upp á persónulega ráðgjöf fyrir sjóðfélaga sem þyrftu á henni að halda.

Ólafur fór yfir að rekstrarkostnaður hefði numið 0,15% af meðalstöðu eigna og hefði það hlutfall haldist stöðugt síðustu ár og stenst það kostnaðarhlutfall allan samanburð við aðra lífeyrissjóði. Hann rakti umfangsmikla hagræðingarvinnu frá sameiningu sjóðsins árið 2016 og sagði að kostnaðaraukning hefði verið mun minni en þróun launa- og verðlags á sama tímabili. Mörg dæmi eru um að árangur af tækni- og sjálfvirknivæðingu og einföldun verklags hefði skilað mælanlegum tímasparnaði og aukinni framleiðni.

Ólafur gerði grein fyrir að skattspor Birtu sé sífellt að aukast og nam það 6,2 milljörðum króna á síðasta ári. Í sjóðnum erum um 100 þúsund rétthafar og þegar lífeyrisgreiðslur aukast þá aukist jafnframt greiddir skattar til samfélagsins. Hann fór einnig yfir að áhersla væri lögð á að mæla og greina kolefnisspor fjárfestinga Birtu en í nokkur ár hefði verið unnið eftir alþjóðlegri aðferðafræði sem mælir kolefnislosun sem hlýst af fjárfestingum og lánveitingum fjármálastofnanna, PCAF Partnership for Carbon Accounting Financials. Kolefnisspor eignasafns Birtu lækkaði um 17% samkvæmt þessari aðferðafræði á síðasta ári.

Ólafur fór yfir að raunávöxtun ársins hefði verið undir væntingum sjóðsins, en stjórnendur væru engu að síður sáttir við niðurstöðuna í ljósi markaðsaðstæðna eins og þóra hefði farið yfir áðan. Hann fór yfir ávöxtun helstu eignaflokka og lagði áherslu á mikilvægi dreifingar fjárfestinga milli skuldabréfa, sjóðfélagalána og innlendra og erlendra hlutabréfa. Hann sagði að fjárfestingarstefna sjóðsins hefði skilað 3,9% meðalraunávöxtun frá stofnun Birtu árið 2016 og að markmiðið væri áfram að tryggja stöðuga langtímaávöxtun með hóflegum sveiflum. Hann er stoltur af eigna- og áhættustýringu sjóðsins og hefur átt gott samstarf við stjórn öll þessi ár. Stjórn rýnir fjárfestingastefnuna að hausti og fer vel yfir stöðuna og það er metið hvort og hvaða breytingar eigi að gera þannig að sjóðurinn geti staðið undir því loforði að greiða mánaðarlegan verðtrygðan lífeyri til framtíðar.

3. Liður – Tryggingafræðileg staða

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir greinargóða yfirferð um ársreikninginn og býður Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing í pontu að gera grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Bjarni byrjar á að fara yfir hver tilgangurinn er með tryggingafræðilegri athugun á stöðu lífeyrissjóða en það er til að meta hvort sjóðurinn geti staðið við þau fyrirheit um réttindi sem sjóðfélögum hafa verið gefin með því að bera saman skuldbindingar og eignir sjóðsins. Forsendur útreikninganna eru óbreyttir frá fyrra ári.

Helstu niðurstöður eru þær að áunnin staða sjóðsins er neikvæð um 9,9%, framtíðarstaðan er lítillega jákvæð og heildarstaðan er neikvæð um 6,0%. Ástæðan fyrir þessari sveiflu milli ára er að raunávöxtun sjóðsins er 2,1% en þarf að vera 3,5% til að halda jafnvægi m.v. útreikningsforsendurnar.

Bjarni benti á að þrátt fyrir versnandi tryggingafræðilega stöðu á síðasta ári þá væri sjóðurinn enn innan marka laganna og hefði svigrúm til að vinna hallann niður á komandi árum. Í lögunum segir að ekki megi muna meira en 5% milli eigna og skuldbindinga í meira en fimm ár og ekki meira en 10% í hvert eitt skipti. Árið í fyrra er fyrsta árið sem heildarstaðan er neikvæð um meira en 5%.

Fundarstjóri þakkar Bjarna fyrir greinargóða og skýra yfirferð.

Nú hefur stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur gert grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi ásamt tryggingafræðilegri athugun og orðið er laust um þessa liði.

Ingi Ólafsson spyr úr sal. Spyr Þóru um að fara betur yfir það sem hún kom inná að réttindaávinnsla sjóðsfélaga væri inná borði stjórnar til skoðunar. Spyr Bjarna hvort að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefði verið metin miðað við að réttindunum yrði breytt til samræmis við þá leið sem margir aðrir sjóðir hafa varið.

Þóra svarar að sú umræða sé ekki komin langt á veg og ekkert sem hægt sé að upplýsa um eins og staðan er núna.

Bjarni kemur í pontu og spyr Inga hvort spurningin hafi ekki snúið að uppreikningi réttinda í tengslum við breyttar áætlanir um lífslíkur og Ingi jatar því. Bjarni tekur fram að réttindaöflun sjóðfélaga Birtu sé með nákvæmlega sama hætti og hjá öðrum sambærilegum lífeyrissjóðum á landinu. Varðandi spurninguna þá var það ekki reiknað núna en frá því að Birta tók sína ákvörðun um hvernig ætti að fara með þær auknu lífslíkur sem nú liggja til grundvallar tryggingafræðilegri úttekt þá hefur fallið dómur í Hæstarétti sem breytir hinni lagalegu stöðu og óvissu sem lá fyrir á sínum tíma. Lögfræðialit sem var unnið fyrir stjórn Birtu á sínum tíma var á þá leið að sú leið sem margir aðrir lífeyrissjóðir fóru gæti verið varasöm og óvíst hvort hún stæðist lög. Nú er hin lögfræðilega staða önnur og ég geri ráð fyrir að sjóðurinn muni skoða málið áfram eins og hefur komið fram.

Guðjón Viðar spyr hvort stjórn hafi eitthvað skoðað hvaða áhrif það gæti haft ef Ísland gengur í Evrópusambandið.

Ólafur framkvæmdastjóri kemur í pontu og svarar. Samtryggingin á Íslandi telst til velferðarkerfis landsmanna og fylgjum þess vegna ekki lögum sem eru í gildi um starfstengda eftirlaunasjóði, IORPS á ensku. Hefur ekki séð neitt lögfræðialit sem bendir til þess að það muni breytast hvort sem Ísland gangi í Evrópusambandið eða ekki. En ef það breytist, þ.e. ef kerfið myndi lúta lögum um starfstengda eftirlaunasjóði, þá hefur það áhrif. Helsta breytingin er sú að sjóðirnir þyrftu þá að taka hluta af eignum til hliðar og mynda svokallaðan varasjóð sem stendur ekki undir réttindum. Einnig yrðu mögulega einhverjar smávægilegar breytingar á rekstri séreignaleiða. En vill ítreka að það liggur ekkert álit fyrir að við séum að fara í þessa átt.

Ekki tóku fleiri til máls undir þessum liði.

Ársreikningurinn er borin upp til samþykktar. Hann er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Liður - Fjárfestingarstefna

Fundarstjóri býður Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarviðs í pontu til að gera grein fyrir fjárfestingastefnunni.

Soffía Gunnarsdóttir gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu Birtu lífeyrissjóðs fyrir árið 2026. Hún fór yfir fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar og séreignadeildar sjóðsins, ásamt helstu breytingum frá fyrra ári, ávöxtun einstakra eignaflokka og eignasamsetningu í árslok 2025.

Fram kom að fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2026 hefði verið samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins 1. desember 2025. Samkvæmt mati stjórnar og fjárfestingateymis væri vænt raunávöxtun stefnunnar 5,4% á árinu 2026, með 8,6% væntu flökti í ávöxtun. Langtímamat gerði ráð fyrir um 4,0% raunávöxtun.

Hún fór yfir helstu breytingum á eignasamsetningu milli ára. Hlutfall ríkisskuldabréfa lækkaði úr 13,5% í 10%, vægi innlendra hlutabréfa úr 15% í 14% og erlendra skráðra hlutabréfa úr 27% í 26,5%. Á móti hækkaði vægi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa úr 17% í 20%, auk þess sem vægi skuldabréfa lánastofnana, fyrirtækjaskuldabréfa og sérhæfðra fjárfestinga var aukið lítillega.

Soffía fór yfir forsendur væntrar ávöxtunar og áhættu einstakra eignaflokka. Sérstaklega var bent á að vænt ávöxtun erlendra hlutabréfa væri metin 11,9% með 15,5% væntri áhættu.

Fram kom að fjárfestingarumhverfi ársins 2025 hefði verið krefjandi og ávöxtun undir þeim væntingum sem lagðar voru til grundvallar við mótun fjárfestingarstefnu.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar nam 5,9%, sem samsvaraði 2,1% raunávöxtun. Hreinar fjárfestingartekjur námu 40,5 milljörðum króna og hrein eign deildarinnar nam 708 milljörðum króna í árslok 2025. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára nam 1,7% en síðustu tíu ára 3,4%.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf er sá eignaflokkur sem jókst hlutfallslega mest á milli ára, einkum vegna aukningar í fasteignalánnum til sjóðfélaga. Hlutfall ríkisskuldabréfa lækkaði hins vegar mest, meðal annars vegna uppgjörs ríkisins á skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði og sölu ríkisskuldabréfa til fjármögnunar sjóðfélagalána.

Ríkisskuldabréf og erlend hlutabréf skiluðu bestu ávöxtuninni á árinu. Sérhæfðar fjárfestingar var eini eignaflokkurinn sem skilaði neikvæðri nafn- og raunávöxtun.

Soffía fór jafnframt yfir fjárfestingarstefnu séreignadeildarinnar og fór yfir þrjár sparnaðarleiðir sjóðsins; innlánsleið, skuldabréfaleið og blandaða leið. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingastefnu leiðanna. Fram kom að innlánsleið stóð í 6,7 milljörðum króna í árslok 2025 og skilaði 1,35% raunávöxtun á árinu. Skuldabréfaleið stóð í 10,3 milljörðum og skilaði 3,0% raunávöxtun og Blönduð leið stóð í 11,8 milljörðum og skilaði 1,16% raunávöxtun.

Soffía fór yfir að Birta er aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Eitt af því sem Birta gerir árlega, sem hluti af þessum sáttmála, er að skila inn upplýsingum um hlítni fjárfestinga sjóðsins gagnvart umhverfis-, félagslegum og stjórnháttum. Birta heldur áfram að bæta stigagjöf sína milli ára í þeim viðmiðunarflokkum sem eiga við um fjárfestingarstefnu sjóðsins og er Birta umfram miðgildi í þremur flokkum af sjö hvað frammistöðu sjóðsins varðar gagnvart viðmiðunarrópnum sem í eru stærstu lífeyrissjóðir og eignastýringarfyrirtæki heims.

Fundarstjóri þakkar Soffíu fyrir kynninguna og gefur orðið laust um þennan lið.

Ingi Ólafsson spyr um ástæður þess að vægi ríkisskuldabréfa væri lækkað þrátt fyrir góða ávöxtun eignaflokksins. Jafnframt spyr hann hver væru rökkin fyrir því að auka vægi sérhæfðra fjárfestinga þegar eignaflokkurinn skilar neikvæðri ávöxtun.

Soffía svarar að lækkun á vægi ríkisskuldabréfa tengdist meðal annars uppgjöri ríkisins á skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Birta fékk ekki eingöngu ríkisskuldabréf á móti Íbúðabréfunum og það hafði áhrif á vægi ríkisskuldabréfa. Annað sem hafði áhrif var að sjóðurinn þurfti að selja ríkisskuldabréf, aðallega stutt óverðtryggð ríkisskuldabréf, til að fjármagna fasteignalán til sjóðfélaga. Varðandi sérhæfðu fjárfestingarnar þá er hægt að segja að þetta er áhættumesti eignaflokkurinn en sá eignaflokkur sem vænst er mestrar langtímaávöxtunar. Eins og eignastýringin virkar þá viljum við gjarnan bæta við eignaflokkana þegar við teljum að verðin séu lág og það á við í þessu tilviki.

Georg Skúlason spyr um nánari upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar og sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þakkar einnig Soffíu fyrir greinargóða yfirferð og góðar upplýsingagjöf.

Soffía svarar að sjóðurinn skili árlega umfangsmiklum upplýsingum um fjárfestingar vegna þessarar aðildar. Síðustu ár hefur verið lagt meiri áhersla á þessa vinnu og upplýsingagjöf hjá sjóðnum en þetta er mikið magn af upplýsingum og spurningum sem við þurfum að svara og skila inn hvað þessa UFS þætti varðar. Til að mynda þá könnum við hvort að erlendir sjóðir og framtakssjóðir sú aðilar að samtökunum en það er ákveðin gæðastimpill.

Rúnar Backmann spurði um áhættumat erlendra hlutabréfa og hvort áhrif óvissu og þróunar á bandarískum mörkuðum væru innifalin í þeim áhættumælikvörðum sem kynntir voru.

Soffía svarar því til að áhættumælingar byggðust á sögulegum sveiflum viðmiðunarvísitalna og að þróun á bandarískum mörkuðum hefði veruleg áhrif þar sem Bandaríkin væru stærsti hluti heimsvísitalna. Því væru áhrif markaðssveiflna þar að verulegu leyti innifalin í þeim áhættumælikvörðum sem kynntir voru.

Ekki tóku fleiri til máls undir þessum lið.

5. Liður - Hluthafastefna / eigendastefna

Samkvæmt gr. 6.5.5 í samþykktum Birtu skal gera grein fyrir hluthafastefnu / eigendastefnu sjóðsins á ársfundi. Stefnan hefur ekki tekið breytingum frá síðasta fundi og er hún aðgengileg á heimasíðu Birtu.

Fundarstjóri ber stefnuna undir fundinn til samþykktar og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Liður – Starfskjarastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 5.9 í samþykktu Birtu skal stjórn setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins.

Starfskjarastefnan var afgreidd óbreytt á milli ára á fundi stjórnar 19.mars sl. og er hún aðgengileg á vef sjóðsins ásamt fundargögnum.

Þó starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára þarf að bera hana upp til atkvæðagreiðslu skv. samþykktum sjóðsins. Engar spurningar komu fram undir þessum lið

Starfskjarastefna er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Liður- Laun stjórnarmanna og nefnda

Samkvæmt gr. 6.6 í samþykktum fjallar sérstök nefnd um laun stjórnarmanna og leggur fram tillögur að launum fyrir ársfund. Launanevnd kemur með tillögu að stjórnarlausnum og kynnir hana stjórn og leggur fyrir ársfund til samþykktar.

Nefndin er skipuð þeim Jóhanni Rúnari Sigurðssyni og Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni af hálfu launamanna og Jóni Sigurðssyni og Báru Mjöll Ágústsdóttur af hálfu atvinnurekenda.

Launanevnd hefur kynnt tillögu sína fyrir stjórn og er hún að hækka stjórnarlaun um 3,5% milli ára. Tillaga nefndarinnar er að laun stjórnarmanna verði eftirfarandi

Laun formanns eru tvöföld laun aðalmanns. Laun varaformanns eru ein og hálf laun aðalmanns.

- Aðalmenn stjórnar: **155.952 kr.** (var áður 150.678 kr.)
- Formaður stjórnar: **311.904 kr.** (var áður 301.356 kr.)
- Varaformaður stjórnar: **233.928 kr.** (var áður 226.017 kr.)
- Varamenn stjórnar: **34.841 kr.** (mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur (var áður 33.662 kr.)

Jafnframt leggur launanevnd til eftirfarandi heimild:

Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til allt að sjö funda og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu á ári, einn í mánuði en ekkert er fundað í júlí. Þá er árlega vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar sem er almennt rúmlega einn starfsdagur.

Launanevnd leggur til að þessi tillaga verði lögð fyrir ársfund Birtu og taki gildi frá og með ársfundi 2026.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna.

Tillaga launanevndar er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Liður - Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Ný stjórn Birtu lífeyrissjóðs tilkynnt en fulltrúar launamanna í stjórn voru kjörnir á kjörfundi Birtu sem fram fór þann 8. apríl sl. Á þeim fundi fengu Hafliði Kristjánsson og Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir umboð til tveggja ára og Unnur Ósk Eggertsdóttir umboð til tveggja ára í varastjórn.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins voru skipaðir með skipunarbréfi dagsettu 10. apríl sl. þar sem SA tilnefndi Þóru Eggertsdóttur og Skúla Skúlason til tveggja ára í stjórn sjóðsins og Kristján Sveinbjörnsson sem varamann til tveggja ára í varastjórn.

Nýir í stjórn eru því Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, aðalmaður f.h. launamanna og Unnur Ósk Eggertsdóttir varamaður, sömuleiðis f.h. launamanna, og Kristján Sveinbjörnsson varamaður f.h. atvinnurekenda.

Réttkjörnir stjórnarmenn Birtu lífeyrissjóðs eru eftirfarandi

Stjórnarmenn valdir af fulltrúum launafólks

Aðalmenn (fulltrúar launamanna):

Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, kjörin til 2028

Hafliði Kristjánsson, kjörinn til 2028

Bára Laxdal Halldórsdóttir, kjörin til 2027

Jakob Tryggvason, kjörinn til 2027

Varamenn:

Unnur Ósk Eggertsdóttir, kjörin til 2028

Garðar Garðarsson, kjörinn til 2027

Stjórnarmenn skipaðir af samtökum atvinnulífsins eru
Aðalmenn (fulltrúar samtaka atvinnulífsins):
Skúli Skúlason, kjörinn til 2028
Þóra Eggertsdóttir, kjörin til 2028
Ólöf Linda Sverrisdóttir, kjörin til 2027
Sigurður R. Ragnarsson, kjörinn til 2027

Varamenn:
Kristján Sveinbjörnsson, kjörinn til 2028
Guðbjörg E. Guðmundsdóttir, kjörin til 2027

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu.

9. Liður - Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi Birtu er Jóhann Óskar Haraldsson hjá Deloitte.

Stjórn leggur til að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, verði endurkjörin endurskoðandi Birtu.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna sem var borin upp til samþykktar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Liður – Tilnefning fulltrúa í endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ársreikningalögum starfar endurskoðunarnefnd við sjóðinn Séu utanaðkomandi aðilar í nefndinni ber ársfundi, samkvæmt lögum um ársreikninga sem tóku gildi 31. Janúar 2024, að tilnefna þá í nefndina. Stjórn sjóðsins leggur til að eftirtaldir utanaðkomandi verði tilnefndir í nefndina:

- Vilhjálmur Egilsson (upphaflega skipaður starfsárið 2023-2024)
- Katrín Gústavsdóttir (ný í nefndinni)

Þess má geta að Katrín er viðskiptafræðingur að mennt og hefur frá 2016 starfað sem fjármálastjóri Borgarleikhússins, en þar áður starfaði hún m.a. á endurskoðunarsviði PwC á Íslandi og í London, eða frá 2008-2016.

Að auki hefur Ólöf Linda Sverrisdóttir úr stjórn sjóðsins jafnframt setið í nefndinni starfsárin 2024-2025 og 2025-2026 en skv. ársreikningalögum og starfsreglum endurskoðunarnefndar tilnefnir stjórn einn fulltrúa í nefndina innan mánaðar frá ársfundi.

Tillaga um tilnefningu fulltrúa í endurskoðunarnefnd borin undir atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Liður - Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

Samkvæmt gr. 6.6 í samþykktum sjóðsins skulu fulltrúaráð sjóðsins skipa nefnd um laun stjórnarmanna fjórum fulltrúum til þriggja ára

Skipunartími núverandi nefndar lýkur að loknum þessum ársfundi. Það hefur borist tillaga frá samtökum atvinnulífsins að Alexander Kristján Guðmundsson og Jóhanna Klara Stefánsdóttir komi inn sem fulltrúa samtaka atvinnulífsins í nefndina. Fundur í fulltrúaráði launamanna fer fram í júní og þá verður skipað í nefndina.

Þegar ný launanefnd liggur fyrir munu nöfn þeirra sem skipa nefndina verða birt á heimasíðu sjóðsins.

12. Liður – Önnur mál

Samkvæmt gr. 6.5 í samþykktum þurfa tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, að berast stjórn eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst að þessu sinni. Þrátt fyrir að ekki séu önnur mál á dagskrá löglega fram borin er orðið hér laust ef einhver vill kveða sér hljóðs. Áður en orðið er gefið laust mun Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kynna stuttlega stöðu forathugunar á mögulegri sameiningu Birtu og Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Bjarni kemur í pontu og gerir grein fyrir þeirri vinnu sem staðið hefur yfir vegna forathugunar á hugsanlegri sameiningu sjóðanna. Við sameiningu lífeyrissjóða mæla lög fyrir um að réttindi sjóðfélaga megi ekki skerðast við sameiningu. Nauðsynlegt er að tryggingafræðileg staða sjóða sé sambærileg þannig að staða annars hópsins sé ekki bætt á kostnað hins. Hann fjallaði einnig um þá þætti sem skipta mestu máli við mat á framtíðarréttindaöflun í sameinuðum sjóði og þeir eru m.a. kynjaskipting sjóðfélaga, mismunandi örorkutíðni, tryggingafræðileg staða sjóðanna og möguleg hagræðing í rekstri, fjárfestingum og eignastýringu.

Fram kemur að Birta væri með óvenjulega hátt hlutfall karla meðal sjóðfélaga en um 90% af iðgjöldum til sjóðsins kemur frá körlum. Sambærilegt hlutfall hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna er 52%. Í frumútreikningi gæti þessi munur haft áhrif á framtíðarréttindaöflun þannig að í sjóði með sambærilega samsetningu og Birta gæti það verið allt að 5% hagstæðara.

Bjarni benti einnig á að mögulegar breytingar á skipulagi örorkuverndar innan lífeyrissjóðakerfisins gæti haft áhrif á forsendur sameiningar. Hugmyndin lítur að því að örorkuskuldbindingarnar verði fluttar yfir í einn sjóð og það mun breyta myndinni fyrir kerfið í heild sinni. Útkoman fyrir hvern og einn sjóð verður mismunandi enda örorkubyrði sjóðanna misjöfn. Ítrekar að ekkert hefur verið endanlega ákveðið varðandi þetta mál.

Beinn samanburður á réttindatöflunum sjóðanna er erfiður þar sem Birta notar árgangaháðar töflur, þ.e. eina töflu fyrir hvern fæðingarárgang, en Lífeyrissjóður verslunarmanna birtir eina töflu fyrir alla árganga og framtíðarstaða sjóðanna er misjöfn.

Bjarni ítrekar að um frumathugun sé að ræða og veruleg vinna eftir áður en hægt er að leggja fram tillögur eða draga endanlegar ályktanir.

Fundarstjóri þakkar Bjarna fyrir yfirferðina. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum umræðum um þennan lið en eins og kom fram hjá Bjarna er um frumathugun að ræða og mikil vinna eftir til að get svarað öllum spurningum.

Fundarstjóri gefur orðið laust undir liðnum önnur mál

Rúnar Backmann gerir athugasemd við mismunandi liti á atkvæðaseðlum hjá fulltrúum launamanna og atvinnurekanda og spyr um ástæðu þess. Í ljósi þessa þá þurfi fundarstjóri að skera úr um hvort að þær atkvæðagreiðslur sem hafa farið fram á þessum fundi séu gildar.

Fundarstjóri svarar að mismunandi litir væru notaðir til að auðvelda talningu ef óskað væri eftir skiptri atkvæðagreiðslu milli fulltrúa launamanna og atvinnurekanda. Engin slík krafa kom fram á þessum fundi og fundarstjóri úrskurðar allar atkvæðagreiðslur fundarins lögmætar.

Hilmar spyr hvort skoðað hafi verið hvaða áhrif það hefði á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins ef farin yrði sama leið og hjá öðrum lífeyrissjóðum varðandi breytingar á áunnum réttindum.

Bjarni Guðmundsson svarar að slík breyting hefði ekki áhrif á framtíðarskuldbindingar heldur fyrst og fremst áunnin réttindi og þannig á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ef áunnin réttindi yrðu skert myndi það hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins til batnaðar. Hefur ekki verið reiknað út nákvæmlega en niðurstaðan gæti orðið hagstæðari en hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Valgeir Jónasson spurði um framkvæmd atkvæðagreiðslna á fundinum og um fjárfestingu sjóðsins í PLAY. Einnig spurði hann um þjónustukönnun sem hafi verið framkvæmd á vegum lífeyrissjóðanna og þar hefði Birta komið sérstaklega illa út og í lokin spyr hann hvort hægt sé að bæta það hvernig ársfundurinn sé auglýstur og boðaður.

Fundarstjóri svarar varðandi atkvæðagreiðslurnar. Fundarstjóri veit hvað margir fulltrúar og atkvæði eru á fundinum og þegar engar athugasemdir eða mótaskvæði kæmu fram væri almennt ekki talin þörf á sérstakri talningu atkvæða. Fundarstjóri staðfestir að samkvæmt gögnum sem hann hefur undir höndum þá var boðað til fundarins með lögmætum hætti.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri bætir við að í sjóðnum séu um 100 þúsund rétthafar og kostnaður við að senda þeim öllum bréf sé of mikill. Varðandi fjárfestingu sjóðsins í PLAY þá koma fram ítarlegar upplýsingar um þá fjárfestingu eins og aðrar í ársreikningi sjóðsins og á heimasíðunni. Hann hefði ekki talið ástæðu að fara ítarlega yfir málið núna þar sem allar upplýsingar liggja fyrir í ársreikningnum.

Soffía kemur í pontu og bætir við varðandi fjárfestinguna í PLAY að eignarhluturinn í PLAY hafi verið bókfærður á 195 milljónir króna í árslok 2024. Á árinu 2025 hefði sjóðurinn ásamt öðrum fjárfestum keypt breytanleg skuldabréf að fjárhæð 265 milljónir króna og enn væri óvissa um endurheimtur vegna þeirra fjárfestingar en bú félagsins er í skiptaferli. Þegar tölurnar eru settar í samhengi við heildareignir þá nam hún um 0,07% af eignum í árslok 2025, öll fjárfesting sjóðsins í PLAY hefði að hámarki numið um 0,29% af heildareignum.

Ólafur kemur aftur í pontu og fer yfir að hann kannaðist ekki við þjónustukönnun sem hefði verið framkvæmda á vegum lífeyrissjóðanna þar sem Birta hafi komið sérstaklega illa út. Þvert á móti sýndu bæði viðhorfskannanir og þjónustukannanir almennt góða niðurstöðu fyrir sjóðinn.

Í lokin þá þakkar Ólafur henni Hrönn Jónsdóttur sérstaklega fyrir samstarfið í stjórn sjóðsins undanfarin 8 ár en hún hverfur nú úr stjórninni.

Þá er komið að lokum ársfundarins og munu fundarstjóri og fundarritari ganga frá fundargerð síðar og birta hana síðan á vef Birtu. Fundi er slitið klukkan 19:00

Ragnar Árnason, fundarstjóri

Sigurbjörn Einarsson, fundarritari

Undirritunarsíða

Fundarstjóri
Ragnar Árnason

Fundarritari
Sigurbjörn Einarsson